

Fjórðungssamband Vestfirðinga



Fundur fulltrúa sveitarfélaga vegna Nýtingaráætlunar Ísafjarðardjúpi, haldinn fimmtudaginn 5. september 2013, í fundarsal Þróunarseturs Vestfjarða og í gegnum fjarfundabúnað.

Mætt voru: Barði Ingibjartsson Súðavíkurreppi, Elías Jónatansson Bolungarvík, Gísli Halldór Halldórsson Ísafjarðarbæ, Ketill Elíasson Bolungarvík og Kristján Andri Kristjánsson Ísafjarðarbæ. Eftirtaldir aðilar voru á fundinum í gegnum fjarfundarbúnað: Ester Unnsteinsdóttir Súðavíkurreppi, Hafdís Sturlaugsdóttir Strandabyggð og Jón Gísli Jónsson Strandabyggð.

Auk þeirra voru á fundinum Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga, Gunnar Páll Eydal Teiknistofunni Eik og Lína Björg Tryggvadóttir verkefnastjóri, Fjórðungssambands Vestfirðinga sem einnig ritaði fundargerð.

1. Fundur settur og nefndarmenn boðnir velkomnir til fundar

Kynnt var að sömu verkferlar verða notaðir í þessu verkefni og notaðir voru í framkvæmd Nýtingaráætlunar fyrir strandsvæði Arnarfjarðar.

Teiknistofan Eik verður skipulagsráðgjafi varðandi verkefnið en stýrings verkefnisins verður í höndum þeirra fulltrúa er sitja fundinn.

Búið er að fjármagna rúman helming af verkefninu en til að hægt sé að ljúka því þarf aukna fjárveitingu og er áætlun um að sækja það fé í Sóknaráætlun 2014. Miðað er við að fyrri áfanga verkefnisins ljúki í lok þessa árs.

2. Farið yfir stöðu verkefnis

Farið yfir glærur og tillögur um verklag og áherslur í verkefninu kynntar.

Ábyrgð verkefnisins er á sveitarfélögunum en unnið verður í samvinnu við skipulagshópa verkefnisins. Rauði þráðurinn er að hafa þetta opið og gagnsætt ferli.

3. Ákvarðanir

Nefndin er sammála um innihald og áherslur sem settar voru upp í kynningu í upphafi fundar.

Aðferðafræði og verklag rætt. Nefndin er sammála því að notast verði við það verklag og þá aðferðafræði sem kynnt var á fundinum og samræmist við verkefnið sem unnið var í Arnarfirði. Gerð verður lýsing á verkefninu (sbr. skipulagsáætlanir).

Verkefnið verður áfram unnið á vegum sveitarfélaga en í samvinnu við ríkisvaldið. Skoða skal möguleika á tengingu við önnur verkefni og áætlanir, svo sem landsskipulagsstefnu og vinnu stjórnvalda við lagasetningu er tengist skipulagi haf- og strandsvæða.

Óska þarf eftir aðkomu stofnana sem málið varðar.

Fjórðungssamband Vestfirðinga



Nefndir telur mikilvægt að þeir sem eigi hagsmuna að gæta hafi aðkomu að vinnunni í gegnum skipulagshóp.

Lagt var fram skjal með hagsmunaaðilum sem voru settir í skipulagshópi og þeir samþykktir. Ákveðið var að bjóða eftirfarandi aðilum að bætast í skipulagshópinn.

Rækjúsjómenn, 1 fulltrúi

Sæfari (útivist), 1 fulltrúi

Leyfishafar vegna rannsókna á kalkþörungum í Ísafjarðardjúpi, 1 fulltrúi

Landssamband veiðifélaga, 1 fulltrúi

Félag æðarbænda, 1 fulltrúi

Landeigendafélög norðan Djúps, 1 fulltrúi.

Áætlun skv. tillögu ráðgjafa samþykkt.

Næstu fundir verða:

Skipulagshópur, fundur 1: 18.9.2013

Nefnd um nýtingaráætlun, fundur 2: 11.11.2013.

Skipulagshópur, fundur 2: 18.11.2013.

4. Framhald verkefnis

Fundargerð verður send til allra og hún samþykkt. Eftir að allir fundarmenn hafa samþykkt fundargerð verður fundargerð sett á vef Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Fjórðungssamband Vestfirðinga mun taka saman núverandi stefnu sveitafélaga, m.a. upp úr aðalskipulagi þeirra og einnig út frá ályktunum Fjórðungsþinga til að sjá hvað sveitarfélögin á Vestfirðum hafa sameiginlegt í stefnumörkun sinni.

Áframhaldandi vinna í samræmi við áætlun og ákvarðanir á fundinum.

Næsti fundur verður fundur skipulagshóps 18.9.2013.

Fundi slitið kl. 16:35